

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Skildinganes.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. marz 1973 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Skildinganesi að því er varðar eftirfarandi:

Austurhluti lóðar Reynistaðs og Reynisness verði 3 einbýlishúsalóðir.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

6. apríl 1973.

Nr. 115.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti, er sýnir legu Vesturlandsvegur á svæðinu frá Kollafirði að Tíðaskarði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. apríl 1973 staðfest skipulagsuppdrátt, er sýnir legu Vesturlandsvegur á svæðinu frá Kollafirði að Tíðaskarði.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

6. apríl 1973.

Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 12/1971, um menntaskóla, með áorðnum breytingum.

1. gr.

34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur gengið undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir: Prófseinkunn í hverri grein: 3.0.

Meðaltal námseinkunna og prófseinkunna: 5.0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt tvær prófseinkunnir hans séu undir ofangreindu lágmarki. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. námsári, þótt prófseinkunn hans í lokagrein sé undir lágmarki, meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.

Skólastjórn getur veitt nemanda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. apríl 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 13.80 hverja kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 6.90 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal og reiknast fastagjald þannig:
 - a) fyrir verzlánir, vinnustofur, skrifstofur kr. 3.40 á m² á mánuði.
 - b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir kr. 1.70 á m² á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 3.45 hverja kWst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 1.1. eða 1.2.
- 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 2.75 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 1.70 af m² á mán. af gólfleti íbúðarinnar.

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús.

Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.

3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 6.90 hverja kWst.
- 3.2. Um afl- og orkumæla, stórnotkun um mestaafismæla þannig reiknað:

Aflgjald kr. 3 370.00 á kW á ári.

Orkugjald kr. 1.20 á kWst. af allri notkun.
- 3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 3.45 á kWst.

Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 2.25 á kWst.

Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 2.10 á kWst.